



## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Fjármála- og efnahagsráðuneyti  
Lindargötu Arnarhvoli  
101 Reykjavík

Reykjavík 22. nóvember 2020

2011048SA KB/bg  
Málalykill: oo.64

**Efni: Drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt og lögum um staðgreiðsluskatt á fjármagnstekur (fjármagnstekjuskattur), mál S-251/2020**

Vísað er til tilkynningar í samráðsgátt dags. 18. nóvember sl. þar sem óskað er eftir umsögnum um drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt og lögum um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur (fjármagnstekjuskattur).

Með frumvarpinu er verið að útfæra tillögur starfshóps um endurskoðun skattstofns fjármagnstekjuskatts m.t.t. verðbólgu þar sem hún hefur áhrif á skattbyrði fjármagnstekna. Jafnframt er lögð til breyting er snýr að skattlagningu við sölu á frístundahúsnæði.

Vakin er athygli á því að samkvæmt 129. gr. sveitarstjórnarlaga ber að kostnaðarmeta lagafrumvörp sem hafa fjárhagsleg áhrif á sveitarfélög. Samkvæmt frumvarpsdrögum munu tekur ríkissjóðs dragast saman um 1,6 -2,0 milljarða kr. Það þýðir að tekjur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga muni einnig dragast saman og er áætlað tap Jöfnunarsjóðs 34 – 42 milljónir kr. sem hefur bein fjárhagsleg áhrif á sveitarfélög. Ber því að uppfæra 6. kafla greinargerðarinnar um mat á áhrifum svo lögbundið mat á áhrifum á sveitarfélög komi þar fram.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Karl Björnsson  
framkvæmdastjóri